


## Hópuppsagnir í október 2008

4. nóvember 2008


Í októbermánuði bárust Vinnuálastofnun 65 tilkynningar um hópuppsagnir þar sem sagt var upp samtals um 2.960 manns. Um 46% tilkynninganna voru vegna starfsmanna í mannvirkjagerð. Uppsagnir í fjármálastarfsemi, þar sem uppsagnir Landsbanka, Glitnis og Kaupþings veða þyngst, eru um 20% af tilkynningunum. Tæp 14% uppsagnanna koma úr verslunargeiranum og um 11% úr iðnaði, í flestum tilvikum tengdur mannvirkjagerð. Um 4% uppsagna er í sérfræðistarfsemi og útgáfustarfsemi og tæp 4% uppsagnanna eru úr flutningastarfsemi þar sem póstdreifing vegur þyngst. Loks voru 1% uppsagna úr ýmiskonar þjónustu.



### Mynd 1. Skipting hópuppsagna á atvinnugreinar

Um 91% uppsagnanna eru vegna starfsfólks á höfuðborgarsvæðinu en aðrar uppsagnir dreifast á Suðurnes, Vesturland Norðurland eystra og Suðurland.


Heildarfjöldi starfsmanna þeirra fyrirtækja sem tilkynntu uppsagnir er tæplega 11.000 og því eru þessi fyrirtæki sem um ræðir að segja upp um 28% starfsmanna sinna að jafnaði. Mjög misjafnt er



### Mynd 2. Hve hátt hlutfall uppsagna er af heildarfjölda viðkomandi fyrirtækja

Þó milli atvinnugreina hve hátt hlutfallið er. Þannig eru fyrirtæki í mannvirkjagerð að jafnaði að segja upp ríflega 42% sinna starfsmanna og er dreifingin allt frá 15% upp í 100%. Hlutfallið er svipað í flutningastarfsemi eða rúm 40%. Í iðnaði, sérfræðilegri starfsemi og ýmissi þjónustu er hlutfallið nálægt 35%, 20% í verslun og um 16% í fjármálastarfsemi.

Uppsagnirnar koma til framkvæmda allt upp í 6 mánuði. Upplýsingar um hvenær nákvæmlega einstakar uppsagnir koma til framkvæmda eru fremur óljósar, en þó má segja að á tímabilinu 1-3 mánuðir sé algengast, nema í fjármálastarfsemi þar sem um er að ræða tímabil sem nær yfir 3-6 mánuði. Flestar þessara uppsagna koma til framkvæmda um næstu mánaðarmót, og svo um áramót og um mánaðarmótin jan./feb. 2009.



### Mynd 3. Hvenær uppsagnir koma til framkvæmda

Ástæður uppsagna eru nánast alltaf verkefnaskortur, fjárhagserfiðleikar og óvissan framundan. Margir eru því að segja upp til að búa sig undir erfiða stöðu eftir 2-3 mánuði og vonast til að geta endurráðið starfsfólk að einhverju marki áður en til starfsloka þeirra kemur ef verkefnastaða gefur tilefni til.

Alls hefur yfir 4.400 manns verið sagt upp á árinu 2008 með hópuppsögnum. Stærstur hluti uppsagnanna barst í lok október eða um 67%, eða um 2950 manns frá 64 fyrirtækjum. Fram að því höfðu borist frá 0 til 4 tilkynningar í hverjum mánuði .